

Nefndasvið Alþingis  
b.t. utanríkismálanefndar  
Austurstræti 8 – 10  
101 Reykjavík.

Reykjavík, 6. nóvember 2018

## **Efni: Tillaga til þingsályktunar um uppsögn tollasamnings um landbúnaðarvörur við Evrópusambandið – 22. mál**

SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu vísa til tölvupósts utanríkismálanefndar Alþingis, dags. 26. september sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um tillögu til þingsályktunar um uppsögn tollasamnings um landbúnaðarvörur við Evrópusambandið, 22. mál. SVÞ hafa kynnt sér fyrirbyggjandi tillögu og óska þess að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri hvað hana varðar.

SVÞ benda á að það hefur verið eitt af stóru baráttumálum samtakanna undanfarin ár, að auka samkeppni með landbúnaðarvörur hér á landi. Tollasamningurinn, sem íslensk stjórnvöld undirrituðu við Evrópusambandið í september 2015, og fól í sér framhald af fyrri samningi aðila frá árinu 2007, er að mati samtakanna stærsta skrefið sem tekið hefur verið í þessa átt undanfarin ár til hagsbóta fyrir bæði neytendur og verslun. Samningurinn tók gildi 1. maí sl. Samtökin studdu þá samningsgerð í hvívetna, en hún fór fram undir forystu þáverandi utanríkisráðherra, Gunnars Braga Sveinssonar.

Það er hér eftir sem hingað til bjargföst skoðun SVÞ að aukin samkeppni á þessu sviði viðskipta, sé mikilvæg. Með því móti muni íslenskir neytendur hafa úr meira úrvali landbúnaðarvara að velja og ekki síður muni það veita innlendri framleiðslu það samkeppnislega aðhald sem henni er nauðsynleg, eins og öðrum atvinnugreinum. Vísa SVÞ hér m.a. til þess framfaraspör sem slík samkeppni var fyrir innlenda framleiðslu á grænmeti. Óóhætt er að segja að sú breyting sem þar var gerð með aukinni samkeppni við erlendar vörur fólú í sér verulega hvatningu til handa innlendum framleiðendum að framleiða enn betri og samkeppnishæfari vöru sem raunin hefur orðið.

Meginrök flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu eru þau, að þar sem engin úttekt hafi verið gerð á áhrifum samningsins á innlenda búvöruframleiðslu, beri að segja samningnum upp. SVÞ telja þetta hins vegar léttvæg rök, þar sem þeir tollkvótar sem verða til úthlutunar þegar samningurinn er kominn að fullu til framkvæmda árið 2022, verða lítið hlutfall af innlendri framleiðslu á búvörum. Innlend búvöruframleiðsla hefur því haft góðan tíma til að bregðast við breyttum veruleika hvað þetta varðar og hefur því alla möguleika til að undirbúa þá samkeppni sem þarna verður til. Innlend búvöruframleiðsla ætti því mikið fremur að líta á tollasamninginn við ESB sem tækifæri fremur en ógn, sbr. áðurnefnd reynsla af samkeppni í grænmetisframleiðslu.


Þá gagnrýna SVÞ harðlega ummæli í greinargerð með fyrirbyggjandi tillögu þar sem haldið er fram fullyrðingum um brostnar forsendur vegna atvika sem enn hafa ekki tekið gildi eða komið til framkvæmda, sbr. fyrirhuguð úrsögn Breta úr ESB. Þá benda SVÞ að beiting brostinna forsenda er háð ýmsum skilyrðum, þ.m.t. að viðsemjandi þurfi almennt að hafa vitað eða mátt

vita um forsenduna og gert sér ljóst að forsendan réði því að gagnaðili undirgekkst þá skuldbindingu sem í samningi felst. Því benda SVP á að mikilvægt að sýnt sé fram á að það skilyrði sé að lágmarki uppfyllt áður en gripið er til ummæla um brostnar forsendur.

Þá ítreka SVP að langsótt er að skýla sér að baki væntra atburða sem enn hafa ekki tekið gildi og ekki er útséð hvernig staðið verði að þeirri framkvæmd sem þar er vísað til. Þá benda SVP á að í þeim tilvikum þar sem breytingar hafa orðið á aðild ríkja í ESB, s.s. innganga Eystrasaltsríkja inn í sambandið, fól í sér aðlögun á þeim sáttmálum sem gerðir voru við þriðju ríki og því er ekki útséð hvort og hvernig breytingar verði á viðskiptum EES ríkja við Bretland.

Í samræmi við framangreint, leggjast SVP alfarið gegn því að þingsályktunartillaga þessi hljóti brautargengi á Alþingi.

Virðingarfyllst,  
f.h. SVP



Andrés Magnússon  
framkvæmdastjóri